


Melatún á Sauðárkróki – Lausar lóðir

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar auglýsir lausar til umsóknar sjö íbúðarhúsaloðir við nýja götu á Sauðárkróki, Melatún.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að veittur verður 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum vegna þessara lóða. Er það gert á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. laga um Gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Samþykkt þessi gildir fyrir þær lóðir við Melatún sem úthlutað verður á árinu 2019. Samþykktin gildir til 31. desember 2019. Sækja þarf um byggingarleyfi innan eins árs frá lóðarúthlutun.

Miðvikudaginn 27. mars fjallar skipulags- og byggingarnefnd um þær umsóknir sem þá hafa borist.



Allar nánari upplýsingar veitir skipulags- og byggingarfulltrúi í síma 455-6000 eða á netfangið jobygg@skagafjordur.is

15. mars 2019

Jón Örn Berndsen

skipulags- og byggingarfulltrúi